

# Hýsing og Internetþjónusta

## Helstu kostir

- Erum einn af öruggustu hýsingaraðilum landsins og höfum ISO 27001 staðal til að sanna það
- Erum óháð Internetveita og getum séð um varatengingar
- Val er um margvíslegar útfærslur af tölvupóst áskriftum
- Vefhýsing Skýrr hentar jafnt stórum vefum sem litlum
- Hýsing lagar sig að þörfum þíns fyrirtækis, kynntu þér málið

„Með því að hýsa allan okkar miðlæga búnað í kerfisrími Skýrr komumst við hjá óþarfa rekstrartruflunum og fáum aðgang að framúrskarandi sérfræðipækkingu.“

Steingrímur Birgisson  
Forstjóri Hölds ehf

Sérfræðipjónusta okkar er þróuð með flókið tækni umhverfi í huga sem tekur mið af fjölbreytilegum vél- og hugbúnaði. Við höfum skipulagt, prófað og nýtt þessa þjónustu með þekktum tólum og tækjum frá öllum helstu hugbúnaðar- og vélbúnaðarframleiðendum heims ásamt því að þróa sérsniðnar lausnir fyrir okkar viðskiptavinum. Sérfræðipjónusta okkar tryggir þér meira rekstraröryggi, hámarks upptíma tölvukerfisins, lægri rekstrarkostnað og lágmarks bilanatíðni.

## Hýsing

Inn í örugga og vottaða vélasali okkar tökum við á móti búnaði í eigu viðskiptavina eða leigjum aðgang að okkar búnaði, allt eftir þörfum viðskiptavina. Með aðgengi að vélasölum Skýrr tryggja viðskiptavinir sér beinan aðgang að öruggu Interneti, varaafli, afritun og öryggisvottuðu umhverfi. Til hýsingar telst einnig hýsing á vefum, tölvupósti, bókhaldi eða hverjum þeim upplýsingatækni-kerfum sem nauðsynleg eru fyrir tækjum og stofnunum.

## Kerfisleiga

Við sjáum um rekstur tölvukerfis fyrirtækisins fyrir fast mánaðarverð á hvern notanda. Þú getur sjálfur valið hversu stóran hluta af þínum kerfum þú vilt taka í gegnum Kerfisleigu Skýrr. Þú getur stækkað, minnkað, breytt og bætt alveg eins og hentar þér. Heildarlausn í upplýsingatækni fyrir íslensk fyrirtæki.

## Öryggi

Við leggjum mikið upp úr gagnaöryggi. Fyrirtækið og hýsingarsali eru ISO 27001 öryggisvottaðir og eru öll vinnusvæði aðgangsstýrð þannig að aðeins samþykktir aðilar hafi aðgang. Netkerfið er varið með öflugum eldvegg en samt sem áður fylgjumst við grannt með allri netumferð. Sérhver aðili sem þarf að tengjast netkerfi okkar utan frá fær öruggan dulkóðaðan VPN aðgang. Skýrr býður einnig margvíslega möguleika í rafrænum skilríkjum og öðrum öryggislausnum sem tryggja öryggi þegar upplýsingar eru sendar t.a.m. með tölvupósti.

## Internet

Internetþjónusta okkar veitir atvinnulífnu fjölbreyttar lausnir og þjónustu. Internetþjónustan uppfyllir ströngustu kröfur um afköst, áreiðanleika, þjónustu og öryggi. Starfsfólk Internetþjónustu okkar er þrautreynt og menntað í sínu fagi og keppist við að veita fyrsta flokks þjónustu.

## Vefhýsing

Skýrr er einn af stærstu hýsingaraðilum léna og vefsvæða hér á landi. Við bjóðum umhverfi sem hentar jafnt stórum sem minni vefum og eru sumir af mest sóttu vefum landsins hýstir hjá Skýrr.

## Gagnahýsing

Ef allt sem þarf er gagnahýsing þá bjóðum við upp á aðgang að skráasvæði af þeirri stærð sem viðskiptavinir vilja. Aðgangurinn gerir viðskiptavinum kleift að vista þau gögn sem hann kys á miðlægum stað, aðgengileg úr hvaða tölvu sem er.

## Hafðu samband



Aegir Rafn Magnússon  
Sími: 569 5342  
GSM: 822 5617  
aegir.magnusson@ejs.is



Karl Jóhann Gunnarsson  
Sími: 569 5486  
GSM: 822 9359  
karl.gunnarsson@ejs.is